



Minni hagvexti og verðbólgu spáð í helstu viðskiptalöndum okkar

Í nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) frá því um miðjan október er gert ráð fyrir bæði minni hagvexti og minni verðbólgu í helstu viðskiptalöndum Íslands en sjóðurinn spáði í apríl.

AGS birtir greiningu á stöðu efnahagsmála í heiminum tvisvar á ári, í apríl og október. Sjóðurinn spáir núna 3% hagvexti fyrir heiminn í heild í ár, sem er 0,3 prósentustigum lægra en sjóðurinn spáði í apríl. Gangi þetta eftir verður það minnsti hagvöxtur á heimsvísu síðan alþjóðlega fjármálakreppan reið yfir 2008 til 2009.

Að mati sjóðsins hægði nokkuð á hagvexti í heiminum í heild á síðustu þremur ársfjórðungum 2018 og vöxturinn það sem af er ári hefur verið veikur. Aukin spenna í alþjóðaviðskiptum endurspeglar m.a. í stigmagnandi innleiðingu á tollum milli Bandaríkjanna og Kína. Á móti kemur að lausara taumhald peningastefnu meðal annars í Bandaríkjunum, sem hefur einnig gripið til skattalækkana, hefur að einhverju leyti vegið upp á móti.


Minni hagvöxtur í viðskiptalöndum Íslands

AGS lækkaði hagvaxtarspá sína fyrir árið 2019 fyrir helstu viðskiptalönd Íslands úr 1,8% í apríl niður í 1,6% nú í október en spáin í október í fyrra hljóðaði upp á 2,2%.¹ Sjóðurinn hefur hins vegar lítið breytt spá sinni fyrir næsta ár, en þá gerir hann ráð fyrir 1,8% hagvexti.

Einnig minni verðbólga


Sjóðurinn breytti ekki verðbólguþáttum fyrir helstu viðskiptalönd Íslands í ár milli apríl og október, en hann gerir enn ráð fyrir 1,6% verðbólgu í ár. Hann lækkaði á hinn bóginn spá sína um verðbólgu á næsta ári í 1,8% úr 1,9% í apríl og 2,1% í október í fyrra.

Hagvöxtur í viðskiptalöndum Íslands



Spár AGS. Vegið með hlutdeild 14 stærstu viðskiptalanda Íslands í utanríkisviðskiptum Íslands
Heimild: AGS, útreikningar Hagfræðideildar

Verðbólga í viðskiptalöndum Íslands



Spár AGS. Vegið með hlutdeild 14 stærstu viðskiptalanda Íslands í utanríkisviðskiptum Íslands
Heimild: AGS, útreikningar Hagfræðideildar

¹ Hagvöxtur einstakra landa er veginn með hlutdeild þeirra í utanríkisviðskiptum við Ísland.



Vextir hafa lækkað

Vextir í helstu viðskiptalöndum Íslands hafa lækkað nokkuð það sem af er ári. Frá áramótum hefur ávöxtunarkrafa á bandarísk ríkisskuldabréf til fimm ára lækkað um tæpt prósentustig, þýsk ríkisskuldabréf um 0,4 prósentustig og bresk um 0,5 prósentustig.


Íslenska ríkið hefur notið góðs af þessari lækkun. Þegar það gaf út skuldabréf fyrir 500 milljónir evra í júní var það selt á kröfunni 0,122%. Þetta var um 0,8% álag miðað við þýskt ríkisskuldabréf til sambærilega langs tíma. Í síðustu útgáfu íslenska ríkisins þar á undan, í desember 2017, var bréf selt á kröfunni 0,56% og var álagið þá svipað og í júní.

Verð á olíu og áli hefur lækkað milli ára

Meðalverð á olíu fyrstu níu mánuði ársins 2019 var um 63 Bandaríkjadollarar á fatið, sem er 12% lægra en meðalverð ársins 2018. Við gerum ráð fyrir að olíuverð lækki um 11% milli 2018 og 2019 en hækki um 2% á næsta ári.


Álverð hefur einnig lækkað. Það var að meðaltali 1.830 Bandaríkjadalar á tonnið fyrstu 9 mánuði ársins, sem er 14% lægra en í fyrra. Við gerum ráð fyrir að álverð lækki um 13% milli 2018 og 2019 en hækki síðan um 4% á næsta ári.

Krafa á 5 ára ríkisskuldabréfum



Heimild: Thomson Reuters

Ál- og olíuverð



Heimild: Thomson Reuters

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.